

37

31. marz

5. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða innan 1. jan. 1911.

*

*

*

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hérmeð, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. marz 1910.

Björn Jónsson.

M. Guðmundsson
aðstm.

38

12. apríl sonar,

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Péturs skipstjóra Björns-
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 12. apríl 1910.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð Péturs skipstjóra Björnssonar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er af Pétri skipstjóra Björnssyni með arfleiðsluskrá, dagsettri 11. apríl 1900, og viðauka við hana, dagsettum 31. janúar 1904, skal heita »Styrktarsjóður Péturs skipstjóra Björnssonar«.

2. gr.

Yfirumsjón sjóðsins hefir sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu; stjórn sjóðsins hafa á hendi þrír menn, er sýslunefnd kýs til þriggja ára, og skifta þeir verkum með sér; skulu tveir þeirra vera utan sýslunefndar. Kostnaður sá, er leiðir af stjórn sjóðsins, greiðist af vöxtunum, eftir ákvörðun sýslunefndar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins var úthlutað á skiftafundi eftir hinn framliðna, og nam að upphæð kr. 21400,43; höfuðstól þenna má aldrei skerða; þó hefir sýslunefnd heimild til að fella burtu úr reikningum sjóðsins einhverjar af útistæðum þeim,

sem orðnar hafa verið til fyrir andlát arfleiddanda, ef ómögulegt álizt að ná þeim inn, en leita skal þó til þess samþykkis barna hins látna eða fjárhaldsmanna þeirra, á meðan þau njóta vaxtanna. 38
12. apríl

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta hann, samkvæmt fyrirmælum sýslunefndar, og á sem tryggastan hátt; hún ber ábyrgð á peningaförða sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórnin semja ársreikninginn innan 31. jan. ár hvert, og senda hann til endurskoðenda með fylgiskjölum; með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnarinnar skal hann síðan lagður fyrir næsta sýslufund til úrskurðar.

Endurskoðarar skulu tveir vera og tilnefnir sýslunefnd þá; þó hafa börn arfleiddanda rétt til að tilnefna annan meðan þau njóta vaxtanna.

5. gr.

Vöxtum sjóðsins skal árlega úthluta jöfnum skiftum til barna arfleiddanda, Kristins og Jóhönnu, en lífi annað þeirra lengur, nýtur það allra vaxtanna, að hinu látnu.

Að þessum börnum látnum skal verja vöxtunum til verðlauna handa þeim mönnum í Vestur-Barðastrandarsýslu, er mest skara fram úr öðrum í búnaðarframförum og dugnaði og steinhúsabyggingum á jörðu utan kaupstaða eða verzlunarstaða.

Verðlaunin mega aldrei vera minni en 300 kr. og aldrei meiri en 1000 kr. til hvers styrkþega, og ekki má sami maður verða hans aðnjótandi oftari en þrisvar.

Verðlaununum skal úthlutað annaðhvort ár, og greiðist 1. júlí það ár, sem um er að ræða. Sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu úthlutar verðlaununum úr sjóðnum.

6. gr.

Umsóknir um verðlaun úr sjóðnum sendast sýslunefnd fyrir lok janúar-mánaðar. Umsóknunum skal fylgja nákvæm skýrsla um verk þau, er umsækjandi hefir látið framkvæma, hvað mikið hann hefir látið gera á hverju ári og hvernig verkið sé af hendi leyst, og skal jafnframt fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um, að þeim sé kunnugt um, að rétt sé skýrt frá því, sem í skýrslunni stendur.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu 7.—12. þ. m.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 23. febr. 1910.

G. Björnsson.